

Ed.

42. Nefndarálit

[15. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin athugaði frumvarpið. Það felur í sér framlengingu á ákvæðum laga nr. 92/1954, án niðurfellingar eða viðauka.

Fjórir nefndarmenn mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt efnislega óbreytt.

Fimmti nefndarmaðurinn (HG) flytur hins vegar breytingartillögu um, að B-liður 1. gr. frumvarpsins falli niður. Tekur hann fram, að afdrif þeirrar tillögu kunní að hafa áhrif á afstöðu sína til frumvarpsins að öðru leyti. Skrifar hann þar af leiðandi undir nefndarálitið með fyrirvara.

Sá formgalli er á frumvarpinu, að í fyrirsögn er það talið breyting á lögum nr. 62/1939, og sömuleiðis er vitnað til þeirra laga í 1. gr. þess. En í stað þeirra laga eru nú komin lög nr. 90/1954. Fjárhagsnefnd leggur því til, að á frumvarpinu verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum“ í A-lið komi: nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Alþingi, 18. okt. 1955.

Bernh. Stefánsson,
form.

Lárus Jóhannesson,
fundaskr.

Karl Kristjánsson,
frsm.

H. Guðmundsson, Gísli Jónsson.
með fyrirvara.